

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Sigurður Már Eggertsson
Dags. 12. júní 2018
Mnr. 2017050126



ÍSAFJARÐARBÆR

Skipun persónuverndarfulltrúa Ísafjarðarbæjar

Almennt

Með nýjum lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er öllum opinberum yfirvöldum eða stofnunum, þ.m.t. sveitarfélögum, gert að tilnefna persónuverndarfulltrúa, er það og í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016.

Verkefni persónuverndarfulltrúa

Í 4. kafla reglugerðarinnar er fjallað um persónuverndarfulltrúann. Í ákvæðum 37. – 39. gr. er að finna útlitun á verkefnum fulltrúans. Skal hann a.m.k. sinna eftirfarandi verkefnum:

- Upplýsa sveitarfélag og starfsmenn þess sem annast vinnslu, um skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni og persónuverndarlögum og öðrum ákvæðum Sambandsins eða aðildarríkis um persónuvernd og veita þeim ráðgjöf þar að lútandi.
- Fylgjast með því að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar, öðrum ákvæðum Sambandsins eða aðildarríkis um persónuvernd og stefnum sveitarfélagsins varðandi vernd persónuupplýsinga, þ.m.t. úthlutun ábyrgðar, vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks sem tekur þátt í vinnslustarfsemi og tilheyrandi úttektir. Telji persónufulltrúi að úttekt þurfi, þá er ekki heimilt að hafna því.
- Veita ráðgjöf, sé farið fram á það, varðandi mat á áhrifum á persónuvernd og fylgjast með framkvæmd þess skv. 35. gr.
- Vinna með og vera tengiliður við Persónuvernd varðandi mál sem tengjast vinnslu, þ.m.t. fyrirframsamráðið sem um getur í 36. gr., og leita ráða, eftir því sem við á, varðandi önnur málefni.

Skipun persónuverndarfulltrúa

Svo sem áður getur þá verður það skilyrði fyrir sveitarfélög að skipa persónuverndarfulltrúa, sbr. a-liður 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar. Gerð er krafa um að persónuverndarfulltrúi sé tilnefndur á grundvelli faglegrar hæfni sinnar og sérþekkingar á lögum og lagaframkvæmd á sviði persónuverndar sem og getu til að vinna verkefni sem honum eru falin í ákvæði 39. gr. reglugerðarinnar.

Persónuverndarfulltrúa er heimilt að gegna öðrum störfum hjá viðkomandi sveitarfélagi, en sveitarfélagi ber þó að tryggja að viðkomandi hafi ekki skyldustörf á höndum sem leiði til hagsmunaárekstra við hlutverk sitt sem persónuverndarfulltrúi. Með vísan til þess ber

sveitarfélagi skylda til að tryggja það að persónuverndarfulltrúi geti sinnt starfi sínu í samræmi við lög og að hann komi með viðeigandi hætti og tímanlega að öllum málum sem tengjast vernd persónuupplýsinga.

Í leiðbeiningum Persónuverndar um persónuverndarfulltrúa frá 16.02.2018 segir:

Persónuverndarfulltrúi getur sinnt starfi sínu samhliða öðrum verkefnum en þau mega ekki valda hagsmunaárekstrum. Það þýðir að persónuverndarfulltrúinn getur ekki verið í þannig stöðu að hann ákveði tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga. Þetta þarf að skoða í hverju tilviki fyrir sig, með tilliti til sérstöðu og stjórnskipulags hvernar stofnunar/fyrirtækis. Almenna reglan er sú að hagsmunaárekstrar geta orðið ef persónuverndarfulltrúi er millistjórnandi í stofnun/fyrirtæki (svo sem framkvæmdastjóri, rekstarstjóri, fjármálastjóri, markaðsstjóri, mannauðsstjóri, tæknistjóri o.fl.) en einnig getur það átt við í tilviki annarra lægra settra starfsmanna ef störf þeirra fela í sér ákvarðanatöku um tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga. Að auki geta hagsmunaárekstrar orðið ef utanaðkomandi persónuverndarfulltrúi er beðinn um að koma fram fyrir hönd ábyrgðar- eða vinnsluaðila fyrir dómi í máli er varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá viðkomandi aðila.

Samkvæmt 3. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar þá hafa minni sveitarfélög heimild til þess að deila með sér persónuverndarfulltrúa. Þarf þá hvert þeirra að gera samning við viðkomandi persónuverndarfulltrúa. Dæmi eru um að sveitarfélög hafi ráðið starfsmenn í hlutastörf til að gegna umræddu hlutverki og benti Samband íslenskra sveitarfélaga á Fjarðabyggð í þeim efnum á fundi fyrir skólastjórnendur um nýju persónuverndarlöggjöfina sem haldinn var á Ísafirði þann 7. júní sl.

Eftir efni 6. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar getur persónuverndarfulltrúi verið launþegi ábyrgðaraðila eða verktaki á grundvelli þjónustusamnings. Í því samhengi þykir rétt að áréttu að með útvistun á verkefnum persónuverndarfulltrúa gildir ábyrgð sveitarfélags fullum fetum. Ekki er unnt að útvista ábyrgð og ber sveitarfélag því ábyrgð ef persónuverndarfulltrúi sinnir ekki skyldum sínum.

Stjórnsýslusektir

Verði persónuverndarfulltrúi ekki skipaður getur það leitt stjórnsýslusekta. Í 83. gr. reglugerðarinnar segir að brot gegn 37. gr. geti varðað allt að 10.000.000 evrum, eða allt að 2% af árlegri veltu aðila. Við mat á sektarfjárhæð er litið til eftirfarandi atriða:

Þess hvers eðlis, hversu alvarlegt og hversu langvarandi brotið er, með tilliti til eðlis, umfangs eða tilgangs vinnslunnar sem um er að ræða og fjölda skráðra einstaklinga sem urðu fyrir því og hversu alvarlegu tjóni þeir urðu fyrir.

Þess hvort brotið var framið af ásetningi eða af gáleysi.

Aðgerða sem ábyrgðaraðilinn eða vinnsluaðilinn hefur gripið til í því skyni að draga úr tjóni skráðra einstaklinga.

Þess hversu mikla ábyrgð ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili ber með tilliti til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sem þeir hafa komið til framkvæmda

skv. 25. og 32. gr.

Fyrri brota ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila sem máli skipta, ef einhver eru.

Umfangs samvinnu við eftirlitsyfirvaldið til þess að bæta úr brotinu og draga úr mögulegum, skaðlegum áhrifum þess.

Þess hvaða flokka persónuupplýsinga brotið hafði áhrif á.

Þess með hvaða hætti eftirlitsyfirvaldinu var gert kunnugt um brotið, einkum hvort, og þá að hvaða leyti, ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili tilkynnti um brotið.

Fylgni við ráðstafanir, sem um getur í 2. mgr. 58. gr., ef áður hefur verið mælt fyrir um slíkar ráðstafanir gegn hlutaðeigandi ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila að því er varðar sama efni.

Fylgni við viðurkenndar hátternisreglur skv. 40. gr. eða viðurkennt vottunarfyrirkomulag skv. 42. gr.

Annarra íþyngjandi eða mildandi þátta sem varða kringumstæður málsins, s.s. hagnaðar sem fékkst eða taps sem komist var hjá, með beinum eða óbeinum hætti, vegna brotsins.

Að lokum

Ljóst er samkvæmt nýrri persónuverndarlöggjöf að Ísafjarðarbæ er skylt að tilnefna svokallaðan persónuverndarfulltrúa. Verði þeirri skyldu ekki sinnt eða ranglega staðið að henni mun það verða grundvöllur fyrir stjórnvaldssektum. Markmið þessa minnisblaðs er að ítreka mikilvægi þess að gengið verði frá tilnefningu á persónuverndarfulltrúa við fyrsta tækifæri og ítreka þau atriði sem hafa beri í huga við það ferli.

Sigurður Már Eggertsson.